

Gengið á Keili

Þegar ekið er eftir veginum milli Keflavíkur og Hafnarfjarðar blasa fjöllin á Reykjanesskaganum við í suðri. Þótt þau séu ekki há, setja þau sérstakan svip á landslagið, sem er ekki ýkja aðlaðandi næst veginum. Ætla má að eitt þessara fjalla veki þó sérstaka athygli ferðamannsins. Það skilur sig frá fjallgarðinum, stendur eitt sér og er því meira áberandi en öll hin. Þetta er Keilir. Nafnið er dregið af löguninni og er sannnefni. Í þetta sinn skulum við bregða okkur í gönguferð á Keili og nægir að leggja af stað um hádegisbil. Við verðum komin heim fyrir kvöldmatinn, ef allt gengur samkvæmt áætlun.

Fyrir vestan álverkssmiðjuna í Straumsvík liggur vegurinn upp á hraunin, en þau hafa runnið til sjávar frá eldstöðvunum sunnar á skaganum. Hafa þau myndað nes milli Straumsvíkur og Vatnsleysuvíkur. Vegurinn liggur þvert yfir þetta nes en kemur aftur að sjó fyrir botni Vatnsleysuvíkur. Þar heitir Kúagerði, og var fyrrum vinsæll áningarstaður þeirra, sem gengu þessa leið því óþrjótandi vatn kemur þar undan hraunbrúninni. Í Kúagerði beygjum við til vinstri út af veginum og höldum eftir ruddum vegi suður á Afstapahraun, en svo nefnist bruninn, sem vegurinn liggur eftir allt að Höskuldarvöllum. Afstapahraun er komið úr gígum fyrir sunnan Driffell, vestan undir Vesturhálsi og hefur runnið þaðan alla leið fram í sjó í Vatnsleysuvík. Ekki er vitað um aldur þess með vissu en það er þó með yngri hraunum á þessu svæði.

Við Höskuldarvelli skiljum við bílinn eftir og göngum suður eftir Oddafellinu en það er um 3 km langur hryggur úr bólstrabergi. Það borgar sig að ganga eftir fellinu, því Afstapahraunið, sem hefur runnið milli þess og Keilis, er mjög illt yfirferðar, en mjókkar er sunnar dregur og því hyggilega að taka á sig þennan krók.

Þegar yfir hraunið er komið stefnum við að suðausturhorni Keilis, því þar ganga flestir á fjallið. Eins og fyrr segir, sker Keilir sig mjög úr nærliggjandi fjöllum. Lögun þess er regluleg keilulögun og því mjög svipað útlits, hvaðan sem á það er horft. Hæð Keilis er 379 m y.s., en frá rötum rúmir 200 m. Er fjallgangann því ekki löng, en samt nokkuð strembin, því hlíðar fjallsins er þaktar lausum skriðum, sem renna mjög undan fæti og því seinfarnar.

Jón Jónsson jarðfræðingur hefur rannsakað fjallið og umhverfi þess. Kveður hann neðri hluta þess vera úr lagskiptu túffbergi, en í toppnum sé grágrýti og virðist það einnig koma fram á nokkrums stöðum utan í hlíðum þess. Hann telur að Keilir sé eldstöð frá jökultíma.

Á meðan við höfum verið að rifja þessi fræði upp, hefur okkur miðað vel upp skriðurnar. Best er að þræða slóðir, sem myndast hafa eftir fyrri göngumenn. Þar er nokkuð fastara undir fæti. Að lokum stöndum við uppi á toppi fjallsins. Þaðan er all víðsýnt, einkum til norðurs og vesturs yfir Vatnsleysuströndina og Flóann. Kortið sem við höfum meðferðis, vísar á helstu kennileiti, því þótt fjallið sé ekki hátt, greinum við samt vel alla byggð frá Garðskaga og inn til Hafnarfjarðar, ef skyggni er gott.

Ef tími vinnst til, ættum við að skreppa í Sogin, en þar er ýmislegt að skoða. Þar eru allmargir gígar, sem hraunin milli Oddafells og Vesturháls hafa runnið frá. Þau liggja m.a. undir Höskuldarvöllum. Úr Sogunum rennur lækur, sem hefur borið með sér leir út yfir hraunin og við það hafa Höskuldarvellir orðið til. Fyrrum höfðu bændur á býlunum við ströndina búsmala sinn í seli suður við fjöllin. Þessi sel voru mörg og sjást rústir þeirra víða um þessar slóðir. Eitt slíkt sel var í Sogunum, nefndist það Sogasel. Sjást rústir þess enn. Eru þær í stórum gíg, sem er austan við lækinn, þegar komið er upp undir Grænudyngju. Það er afar áhugavert að ganga þarna um,

skoða þessar fornu rústir og reyna í huganum að tengjast því lífi, sem lifað var þarna fyrrum.

Ef við ætlum að skoða Sogin vel, þurfum við til þess annan dag. Þá má í leiðinni skreppa á Grænudyngju, Trölladyngju eða á Grænavatnseggjar. Þetta eru hæstu fjöllin fyrir austan Keili og bjóða upp á margt athyglisvert og skemmtilegt. Þá má ekki gleyma hinum stórkostlegu ummerkjum eftir eldsumbrot og jarðhita, sem blasir hvarvetna við augum.

En sú gönguferð verður að bíða betri tíma.

(Mbl. 7. ágúst 1980)